



HRAFNAGILSSKÓLI

Valgreinar á unglíngastigi veturinn 2024 – 2025





Lýsingar á valgreinum á unglingastigi

Þegar nemandi velur sér valgrein er mikilvægt að hann velti öllum möguleikum vel fyrir sér og ræði hugmyndir sínar við foreldra eða forráðamenn. Nemendur velja þær greinar sem þeir hafa mestan áhuga á og síðan aðrar greinar til vara. Valið á að byggja á áhuga og þörfum hvers og eins en ekki því hvert félagarnir stefna. Hafa þarf í huga að valgreinar eru jafn mikilvægar og aðrar námsgreinar og kröfur um ástundun og árangur jafnmiklar og í öðrum greinum.

Því miður er ekki hægt að verða við óskum allra en takmarkaður fjöldi kemst í hvern hóp. Mjög mikilvægt er að val nemenda sé vel ígrundað og ekki er hægt að breyta eftir að kennsla hefst. Valgreinar geta fallið niður vegna lítillar þátttöku eða annarra ófyrirséðra orsaka.

Hver valgrein er kennd í tvær eða fjórar kennslustundir á viku. Nemandi velur sér valgrein fyrir eina lotu í senn, fjórum sinnum yfir veturinn.

Valgreinarnar eru settar upp í þrjá flokka og þurfa nemendur í 8. bekk að velja a.m.k. eina valgrein úr hverjum flokki á skólaárinu. Nemendur í 9. bekk þurfa að velja tvær valgreinar úr a.m.k. tveimur flokkum en nemendur í 10. bekk hafa frjálst val.

Valgeinar - þrír flokkar

A	B	C
Textílmenn og handverk Spilum saman Tónlist og leikir Fiðringur	Leikir og líkamsrækt Boltagreinar Íþróttir sem byrja á B Frísbíggolf, hafnarbolti og körfubolti.	Nýsköpun og tækni Kvikmyndagerð Matreiðsla/bakstur

Þeir sem stunda reglulegar æfingar hjá viðurkenndum íþróttafélögum geta fengið þær metnar til einnar valgreinar enda skili þeir í lok annar viðurkenningu frá þjálfara bæði um æfingar og ástundun.

Þeir nemendur sem eru í myndlistar- eða tónlistarnámi allan veturinn geta fengið nám sitt metið sem eina valgrein enda skili þeir staðfestingu í lok annar. Hugsanlegt er að fá annað nám eða þátttöku í félagsstarfi metið sem valgrein t.d. björgunarsveit o.fl. og þarf að sækja sérstaklega um það.



Lota 1 - 3.sept. - 25. október.

Þriðjudagur kl. 12:40 - 14:00	Miðvikudagur kl. 12:40 - 14:00	Miðvikudagur kl. 14:10 - 15:30
Frisbíggolf, hafnarbolti og körfubolti - Palli Textílmennt og handverk - Katrín Kvikmyndagerð - Hans	Matreiðsla - Arnbjörg Boltagreinar - Eyrún Spilum saman - Silja	Matreiðsla - Arnbjörg Nýsköpun, tækni og forritun - Hans

Lota 2 - 28. október - 20. desember.

Þriðjudagur kl. 12:40 - 14:00	Miðvikudagur kl. 12:40 - 14:00	Miðvikudagur kl. 14:10 - 15:30
Kvikmyndagerð - Hans Textílmennt og handverk - Katrín Íþróttir sem byrja á B - Palli	Tónlist og gleði - Silja Bakstur - Arnbjörg Leikir og líkamsrækt - Eyrún	Nýsköpun, tækni og forritun - Hans Bakstur - Arnbjörg

Lota 3 - 6. janúar - 14. mars.

Þriðjudagur kl. 12:40 - 14:00	Miðvikudagur kl. 12:40 - 14:00	Miðvikudagur kl. 14:10 - 15:30

Lota 4 - 17. mars - 30. maí.

Þriðjudagur kl. 12:40 - 14:00	Miðvikudagur kl. 12:40 - 14:00	Miðvikudagur kl. 14:10 - 15:30



Bakstur

Kennari: Arnbjörg Jóhannsdóttir

4 kennslustundir á viku

Markmið

Að nemendur;

- fá að kynnst brauðmenningu hinna ýmsu þjóða og baki ýmiskonar brauðmeti
- lesi uppskriftir og fylgi leiðbeiningum
- leiti leiða til að gera eftirrétti og kökur hollari
- fá tækifæri til að virkja og efla ímyndunarafl sitt
- þjálfist í að taka ákvarðanir þar sem þeir vega og meta mismunandi valkosti og sjái afrakstur af vali sínu.



Kennslutilhögun

Nemendur vinna saman að margs konar bakstursaðferðum. Verkefni eru valin í samráði við kennara.

Skoðuð er saga uppskrifta og hráefna. Nemendur kynna sér og vinna eftir uppskriftum sem innihalda ekki sykur, ger og hvítt hveiti. Viðfangsefni geta verið mismunandi eftir tímabilum.

Námsmat byggir á ástundun, samvinnu, sjálfstæði og virkni nemenda í tímum.

Boltagreinar

Kennari: Eyrún Lind Árnadóttir

2 kennslustundir á viku

Markmið

Að nemendur;

- kynnist ýmis konar boltaleikjum
- efla líkamsþroska og áhuga á íþróttaiðkun
- stundi íþróttir sér til heilsubótar og lífsfyllingar.

Kennslutilhögun

Farið er í fótbolta, blak, körfubolta, handbolta, hafnarbolta, bandý,

ýmsa boltaleiki og margt fleira. Mikil fjölbreytni er í tímum og með því

móti er kennslan áhrifameiri, líflegri og skemmtilegri.



Námsmat byggist á ástundun, framförum og hegðun.



Frísbíggf, hafnarbolti og körfubolti

Kennari: Páll Þorgeir Pálsson

2 kennslustundir á viku

Markmið

Að nemendur;

- fá tækifæri á fjölbreyttri hreyfingu
- þjálfast í samvinnu og tillitssemi við aðra
- auki hreyfifærni
- kynnist þeim reglum sem í gildi eru í hverri íþróttagreini.

Kennslutilhögun

Kennslustundir eru verklegar þar sem nemendur læra leikreglur, grunnatriði í tækni og leikskipulag. Þeir æfast í að spila við ólíka andstæðinga, vinna saman og taka tillit til annarra og taka þátt í keppni.

Námsmat felst í virkni og áhuga nemenda í kennslustundum.

Íþróttir sem byrja á B

Kennari: Páll Þorgeir Pálsson

2 kennslustundir á viku

Markmið

Að nemendur;

- fá að njóta sín í hreyfingu
- kynnist undirstöðuatriðum í badminton, bandý og borðtennis
- læri reglur leiksins, bæði í einliða- og tvíliðaleik.

Kennslutilhögun

Áhersla er lögð á að nemendur hafi gagn og gaman af. Farið verður í ýmsar æfingar og þrautir tengdar íþróttinni til að öðlast frekari færni. Í lok námskeiðsins verður mót í einliða- og/eða tvíliðaleik.

Námsmat byggist á ástundun, framförum og hegðun.



Kvikmyndagerð

Kennari: Hans Rúnar Snorrason

2 kennslustundir á viku

Markmið

Að nemendur;

- kynnist nýjustu tækni og hugmyndafræði í myndbandsgerð og kvikmyndun
- læri að klippa og breyta myndskaiðum með aðgengilegum forritum og tólum
- kynnist grunnatriðum í hljóðvinnslu og tónlistarsamsetningu fyrir myndbönd
- læri að taka upp og framleiða stuttmyndir, tónlistarmyndbönd o.fl.
- læri að skrifa og þróa skapandi handrit með áherslu á sögugerð



Kennslutilhögun

- Nemendur vinna í skapandi og tæknilegum verkefnum sem endurspeglar raunverulegar áskoranir kvikmyndagerðar.
- **Myndatöku og klippingarverkefni:** Nemandinn fær tækifæri til að æfa sig með mismunandi myndskaiðum, hljóðvinnslu, ljósstillingum og stílum í myndatöku.
- **Hljóðvinnslu og tónlistarsköpun:** Nemandinn lærir að vinna með hljóð og tónlist til að skapa andrúmsloft og stuðla að tilfinningum í verkum sínum.
- **Handritagerð og sögugerð:** Nemendur læra að búa til og þróa handrit.
- **Hópvinna:** Lögð er áhersla á samvinnu og skapandi lausnir þar sem nemendur læra að vinna saman í teymum og deila ábyrgð á mismunandi hlutverkum kvikmyndagerðar.

Námsmat byggir á;

- **Skapandi nálgun:** Virkni og frumkvæði í að nýta skapandi lausnir og tæknilega hæfni.
- **Samstarfs- og samskiptahæfni:** Virk þátttaka í hópvinnu og hæfni til að vinna vel með öðrum.
- **Sjálfstæði:** Hæfni til að vinna sjálfstætt og bera ábyrgð á eigin verkefnum.
- **Lokaverkefni:** Lokamyndband eða kvikmyndaverk sem sýnir alla þá færni sem nemandinn hefur lært.



Leikir og líkamsrækt

Kennari: Eyrún Lind Árnadóttir

2 kennslustundir á viku

Markmið

Að nemendur;

- kynnist líkams- og heilsurækt
- kynnist fjölbreyttum leikjum
- þjálfari þol og þrek
- fái tilfinningu fyrir mikilvægi þess að hreyfing er hluti af heilsusamlegum lífsstíl.

Kennslutilhögun

Boðið verður upp á fjölbreytta tíma og nemendur eru hvattir til að setja sér markmið varðandi líkamsrækt og setja upp æfingaáætlanir.

Námsmat byggist á ástundun, framförum og hegðun.

Matreiðsla

Kennari: Arnbjörg Jóhannsdóttir

4 kennslustundir á viku

Markmið

Að nemendur;

- kynnist matargerð og menningu framandi landa
- læri að elda mat eftir hinum ýmsu aðferðum og hefðum annarra landa
- fái tækifæri til að virkja og efla ímyndunarafl sitt
- þjálfist í að taka ákvarðanir þar sem þeir vega og meta mismunandi valkosti og sjá afrakstur af vali sínu.

Kennslutilhögun

Nemendur vinna saman að matargerð þar sem útbúnir verða aðal-, for- og eftirréttir. Samráð er haft við nemendur um verkefnaval og viðfangsefni eru mismunandi eftir tímabilum.

Námsmat byggir á ástundun, samvinnu, sjálfstæði og virkni nemenda í tímum.





Nýsköpun, tækni og forritun

Kennari: Hans Rúnar Snorrason

2 kennslustundir á viku

Markmið

Að nemendur;

- þrói hæfni sína í hönnun og nýsköpun með því að læra að nota tól og tækni eins og vínlskera, laserskera og þrívíddarprentara ásamt hugbúnaði fyrir forritun
- vinna með opinn hugbúnað eins og Inkscape o.fl. til að hanna hluti fyrir mismunandi tæki
- tengist forritunarheiminum með því að fá innsýn í grunnatriði forritunar sem nýtast í skapandi ferlum
- sýni frumleika og sköpunargleði í vinnubrögðum sínum og prófi sig áfram með nýjar hugmyndir og lausnir

Kennslutilhögun Námskeiðið mun leggja áherslu á:

- **Skapandi hönnun:** Nemendur munu læra að búa til og prenta út límmiða með vínlskera og hanna þrívíddarlíkön fyrir þrívíddarprentara.
- **Nýsköpun og sjálfstæð vinnubrögð:** Nemendur fá aðgang vínlskera og þrívíddarprenturum og verða hvattir til að þróa eigin verkefni frá grunni, sem byggjast á þeirra áhugasviði.
- **Forritun:** Nemendur munu fá tækifæri til að læra grunnatriði forritunar, sérstaklega með áherslu á hvernig forritun getur verið hluti af skapandi ferli.

Námsmat byggð á hvernig nemendur mæta og taka þátt í verkferlum og skilum á grunnverkefnum sem tengjast hönnun og forritun



Spilum saman

Kennari: Silja Garðarsdóttir

2 kennslustundir á viku

Markmið

Að nemendur;

- geti valið sér afþreyingu út frá áhugasviði.
- geti tekið leiðsögn á jákvæðan hátt.
- geti unnið með öðrum og tekið á jákvæðan hátt þátt í samskiptum.
- efli félagsleg tengsl sín á milli.



Kennslutilhögun

Kennslustundir verða mótaðar í samvinnu við hópinn, út frá áhugasviði og þörfum hópsins.

Námsmat byggir á ástundun í tímum, frumkvæði og sjálfstæði.

Textílmennt og handverk

Kennari: Katrín Úlfarsdóttir

2 kennslustundir á viku

Markmið

Að nemendur;

- geti unnið með snið og uppskriftir, tekið mál, áætlað stærðir og efnisþörf
- nýti sér margvíslega miðla til upplýsingaöflunar
- beiti fjölbreyttum aðferðum og áhöldum
- þjálfist í að taka ákvarðanir þar sem þeir vega og meta mismunandi valkosti og sjá afrakstur af vali sínu
- leggi mat á eigin verk og geti notað við það viðeigandi hugtök.



Kennslutilhögun

Verkefni og efni eru valin í samráði við kennara.

Námsmat byggir á ástundun í tímum, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.



Tónlist og leikir


Kennari: Silja Garðarsdóttir

2 kennslustundir á viku

Markmið

Að nemendur;

- séu tilbúnir til að gera eitthvað sem er öðruvísi en þeir eru vanir
- þjálfist í að fara nýjar leiðir
- geti unnið sjálfstætt og í hópi
- sýni jákvæðni og vinnusemi.



Kennslutilhögun

Allar kennslustundir fara fram með æfingum og leikjum. Æfingarnar felast í því að efla sjálfstraust nemenda og mynda traust innan hópsins. Leikur og gleði verður stór þáttur af valgreinininni.

Námsmat byggir á ástundun í tímum, verkefnum, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
